

EFTIRLITSSKÝRSLA

ORF Líftækni ehf Græna smiðjan



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	4.3.2014	Fulltrúi UST	Ásgeir Björnsson
Fyrirtæki	ORF Líftækni ehf	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir
Heimili	Víkurhvarfi 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	420201-3540	Flokkur	Erfðabreyttar lífverur
Fulltrúi fyrirtækis	Ingimundur Árnason	ÍSAT nr.	01.10.1
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	Grindavík

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik var frá settum leyfisskilyrðum. Athugasemdir eru gerðar við þrjú atriði. Athugsemdirnar vörðuðu búnað í og við vinnustöð og fræðsuáætlanir fyrir starfsfólk. Frávik var staðfest þar sem láðst hafði að tilkynna einn vaxtarþátt sem verið var að framleiða. Rekstraraðili hefur gert grein fyrir mistökunum og málunum því lokið

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fólst í vettvangsskoðun og yfirferð gátlista.

Umhverfi:

Snjóþekja var á jörðinni og því ekki leitað byggplantna í nánasta umhverfi.

Afmörkunarráðstafanir athugaðar

Öryggiskerfi, úrgangur, frárennslu, verklag, skemmdir á gróðurhúsi og dýravarnir var athugað.

Fræsía (rist) í áfostum þvottagám var með öllum fjórum skrúfum, en það virtist gapa smá á milli þeirra. Búið var að gera við þær fjörtán þakrúður sem brotnuðu í óveðri þann 10. apríl 2011. Fimm rúður brotnuðu í óviðri þann 11. nóvember 2013, sem hefur verið gert við með krossviðarplötum. Við athugun á útrás frárennslis kom í ljós að það virðist mynda poll fyrir utan gróðurhúsið þegar mikill þvottur á sér stað.

Skráningar; skýrslur, handbækur og áætlanir

Skráning starfseminnar er að stærstum hluta rafræn, í sérstökum hugbúnaði. Hugbúnaðurinn virkaði ekki/lá niðri við eftirlitið. Skráning á innra eftirlit gróðurhús ofl. er í dagbók stöðvarstjóra, sem var til staðar. Engar byggplöntur hafa fundist utan við gróðurhúsið við skoðunarferðir stöðvarstjóra. Eftirlitsfulltrúi fékk lista yfir byggafbrigði í ræktun í Grænu smiðjunni, sem er skráð rafrænt. Öll nema eitt af tilgreindum byggafbrigðum höfðu áður verið tilkynnt til Umhverfisstofnunar. Hvorki leyfi eða viðbragðsáætlun og áætlun um takmörkun á útbreiðslu erfðabreyttra lífvera lágu frammi á starfstöð, og því ekki aðgengilegt starfsfólk.

Frávik frá

Ef fyrirhugað er að framleiða aðra vaxtarþætti en tilgreindir eru í umsókninni skal ORF senda tilkynningu með nafni og amínósýruröð vaxtarþáttar til Umhverfisstofnunar áður en framleiðsla þeirra er hafin og skal stofnunin staðfesta móttöku hennar.

Lýsing á fráviki

Einn vaxtarþáttur sem var verið að framleiða með byggyrki hafði ekki áður verið tilkynnt til Umhverfisstofnunar. Rekstraraðili gerði grein fyrir að um mistök var að ræða og bætti úr þann 23.9.14

ATHUGASEMDIR

Gerð er athugasemd við að fræsía/rist virðist gapa á milli skrúfufestinga (aths 1). Athugasemd er einnig gerð við tilfallandi pollamayndun frárennslisvatns utan við gróðurhús (aths 2), og að hvorki leyfi né tilheyrandir áætlanir lágu frammi á starfstöð til fræðslu fyrir starfsfólk (aths 3).

ANNAÐ

Eftirlitið hófst kl. 11 þann 4. mars 2014 í Grænu smiðjunni. Starfsmaður ORF Líftækni hf. fór með eftirlitsfulltrúa Umhverfisstofnunar í vettvangsskoðun. Í kjölfarið var farið yfir gátlista fyrir eftirfylgni við sett leyfisskilyrði. Eftirliti lauk kl. 12:00.

Reykjavík,

09.10.2014

Ásgeir Björnsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.